

Tjörneshreppur
Aðalsteinn J. Halldórsson
Ketilsstaðir
641 Húsavík

Reykjavík, 10. júní 2022
UST202204-230/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Tjörneshrepps – Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis oddvita Tjörneshrepps er barst 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi Tjörneshrepps.

Í greinargerð kemur fram tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulags Tjörneshrepps er að skapa heildstæða umgjörð um skipulagsmál svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir í sveitarfélaginu. Markmiðið er að móta heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir notkun lands í sveitarfélaginu. Markmiðið er einnig að móta stefnu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og stuðlar að sjálfbærri nýtingu lands.

Náttúruminjar

Í greinargerð er fjallað nokkuð ýtarlega um þær náttúruminjar og náttúruverndarsvæði sem eru innan sveitarfélagsins. Á bls. 13 greinargerð er mynd sem sýnir útbreiðslu *náttúruminjar sem falla undir sérstaka vernd náttúruminjar*, en æskilegt hefði verði að fjallað hefði verið um sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 í greinargerð lýsingar.

Landslag og óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skuli stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis og að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun landslags í sveitarfélaginu og óbyggðra víðerna.

Fráveitumál

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um

fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu í tillögunni, þar sem komi fram umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans. Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjalla sé heildstætt um stefnu í úrgangsmálum sveitarfélagsins, þá úrgangsförvarnir, hvernig komið eigi í veg fyrir myndun úrgangs, sem og úrgangsmeðhöndlun eftir forgangsröðun þar sem lögð er áhersla á endurvinnslu og aðra endurnýtingu fremur en förgun.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní 2021 gaf umhverfisráðherra út nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma upp sérstakri söfnun og flokkun á nokkrum tegundum heimilisúrgangs. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum. Rekstraráðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar og niðurrifsúrgang. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans losunartíðni eða aðra þætti.

Við gerð tillögunnar telur stofnunin mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins í úrgangsmálum samræmist stefnu ráðherra og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir.

Umhverfisstofnun bendir á að skýr skylda sveitarstjórna til að skila inn svæðisáætlun sveitarfélaga hefur verið í lögum frá árinu 2014, með lögum nr. 63/2014 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem í 6. grein er kveðið á um

svæðisáætlanir. Í 4. gr. reglugerðar nr. 969/2014 um breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, er fjallað um 9. gr. sem kveður á um *svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs*. Í eldri útgáfu reglugerðar árið 2003 var einnig ákvæði í 8. gr. um skyldu sveitarstjórna til að skila inn áætlunum sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um þá svæðisáætlun sem sveitarfélagið hefur gefið út í forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.

Stjórn vatnamála

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Í Tjörneshreppi eru fjölmörg skilgreind vatnshlot bæði strandsjávar, grunnvatn, stöðuvötn og straumvötn og má sjá upplýsingar og afmörkun þeirra inni á vatnavefsja <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>

Loftslagsstefna

Í greinargerð segir að horft verði til þess hvort og hvernig sporna megi við neikvæðum áhrifum óðahlýnunar. Umhverfisstofnun vill benda á að í 5. gr. c. lið laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um loftslagsstefnu sveitarfélagsins í tillögunni.

Samgöngumál - Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum.

Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Urðunarstaðir

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 12. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg er stofnunin að vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur